

# EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



<b>Dags eftirlits</b>	18.9.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	CRI í Svartsengi	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Borgartún 27, Reykjavík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	530306-0540	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Þórðarson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	329903,036 383317,415

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en beðið er svars frá Umhverfissráðuneytinu hvað varðar undanþágubeiðni vegna útistandandi fráviks frá fyrri eftirlitum. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Verksmiðjan var keyrð frá 20. janúar til 29. maí á þessu ári og var send tilkynning um stöðvun verksmiðjunnar með tölvupósti þann 27. júlí sl. Alls hefur verið keyrt í 109 daga á þessu ári. Reiknað er með að verksmiðjan verði sett aftur af stað upp úr næstu áramótum en nú er unnið við stækkun hennar. Bætt verður við tveimur rafgreinum og tveimur nýjum gaspressum. Reiknað er með að vetnisframleiðslan geti þrefaldast við þessa stækkun en rúmast þó innan starfsleyfis. Ganga framkvæmdir skv. áætlun.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Gerðar hafa verið mælingar á VOC magni í útblásturslofti skv. gr. 2.3 í starfsleyfi, bæði þan 22. jan. og 23. maí sl. Voru þau gildi innan marka starfsleyfis.

Einnig voru gerðar mælingar á alkahóli í frárennsli skv. gr. 2.8 og gr. 3.1 í starfsleyfi. Ekki eru ákveðin gildi fyrir losun alkahóls í starfsleyfi en beðið er svars vegna undanþágubeiðnar varðandi gr. 2.8 í starfsleyfi.

Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist.

Rætt var um undanþágubeiðni vegna gr. 2.8 í starfsleyfi sem send var Umhverfissráðuneytinu þann 12. september 2013 en ekkert svar hefur enn borist og fengust þau svör frá ráðuneytinu að erindið væri enn í vinnslu. Beðið verður því með frekari ákvarðanir þar til svar hefur borist við undanþágubeiðninni.

Ekki var gengið um verksmiðjuna að þessu sinni þar sem byggingarframkvæmdir voru í fullum gangi og engin framleiðsla í verksmiðjunni.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent drög að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Reiknað er með að undirbúningsvinnu fyrir umsókn um nýtt starfsleyfi verði lokið síðla árs 2015.

Stefnt er að viðræðum við HS orku um samnýtingu lagnaleiðar frárennslis til sjávar og hætta að dæla frárennslinu niður í borholu SV-01 eins og gert hefur verið fram til þessa.

Verið er að útfæra lausnir varðandi geymslugáma framleiðslunnar.

Reykjavík, 30.09.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.